

fá mig til að skilja sig. Henni fannst enginn hafa skilið sig fram að þeim tíma. Það var eins og allar flóðgáttir opnuðust og hún talaði og talaði. Það hvarflaði aldrei að henni að sögunnar yrðu að bók. Ekki mér heldur á þeim tíma. Mér þóttu þær bara svo áhugaverðar og vildi vita meira um formæður mínar og þess vegna fékk ég móður mína til að tala inn á band þegar ég var að vinna. Hún dvaldi hjá mér í sex mánuði og þegar upp var staðið átti ég sextíu klukkustundir af efni.

Það var mikill léttir fyrir hana að fá að tala og það er ekki bara líf hennar í Kína sem hefur breyst. Hún sjálf hefur gerbreyst. Áður var hún alltaf svo eirðarlaus og þvinguð. En núna þegar hún finnur að ekki bara ég heldur allur heimurinn skilur hana, er hún alsæl – og hún er fullkomlega jafnvæg og hamingjusöm.

Systir Jung Chang býr enn í Kína og hugsar um móður þeirra. Tveir bræður búa í Bretlandi og einn í Frakklandi. „Það er mjög mikið og sterkt samband milli okkar allra.

Þær þrjár kynslóðir kvenna sem sagan fjallar um segja þó meira en sína eigin sögu. Þær segja sögu kínversku þjóðarinnar á þessari öld.

Annar bróðir minn sem býr í Bretlandi þýddi bókina á kínversku og það er sú þýðing sem var gefin út í Hong Kong og Taíwan. Við tölum saman annan hvorn dag að minnsta kosti. Hann er blaðamaður og hefur tekið við ritstjórn kínversks dagblaðs sem er gefið út í Bretlandi.

Hvað geturðu sagt mér um næstu bók þína, ævisögu Maós?

„Við höfum verið að vinna að henni í tvö ár og eigum að minnsta kosti tvö ár eftir. Okkur hefur tekist að grafa upp ótrúlegt efni. Þegar ég skrifaði Villta svani skildi ég Maó alls ekki en í dag finnst mér ég skilja hann – og þá meina ég sálfræðilega. Það vantar auðvitað marga bita enþá í þúsluspilið en myndin af honum er að verða nokkuð skýr.

Við Jon vinnum mjög vel saman. Ég vissi það reyndar áður en við byrjuðum á þessu verkefni, því hann hjálpaði mér mjög mikið með Villta svani. En þetta er skemmtileg vinna. Við erum eins og tveir njósnarar, alltaf að reyna að finna út „hver gerði hvað“, síleitandi að forsendum, ástæðum, orsökum, afleiðingum. Þetta er spennandi og við erum svo heppin að hafa nægan tíma til að einbeita okkur.

Það sem hefur komið okkur á óvart er þessi skilningur á Maó, hvert er hreyfiafl hans: Hvers vegna hann gerði vissa hlut og hvernig. Bókin er mjög ólík Villtum svönum sem segir frá því hvernig fólk lifði undir harðstjórn hans. En það ákveður

enginn að verða harðstjóri bara til að vera harðstjóri. Það segir enginn, hvorki Stalín, Hitler né Maó: „Ég ætla að skoða þjóð mína og veröldina.“ Maó hélt, eins og hinir að hann hefði sérstakt hlutverk í heiminum og var með hálfbakaða hugsjón til að framfylgja því. Honum var andskotans sama um þær mannlegu fórnir sem þurfti að færa til að framfylgja hugsjóninni. Það snerti hann ekki þótt fjórutíu milljónir létust úr plágu á einu bretti og þótt jafnmargir færust úr hungursneyð. Þrá hans eftir völdum var gríðarlega sterk og hinar skelfilegu áætlanir hans fyrir Kína voru tengd þessari valdabrá.

Hver er afstaða kínverskra stjórnvalda til hans í dag?

„Það gætir mikillar tvöfeldni. Mjög fáir – og ég mundi fullyrða enginn – myndu vilja lifa aftur við hans stjórn. Ekki einu sinni stjórnvöld. En þeir vilja flagga myndinni af honum. Hann lagði grunninn að kommúnismanum og stjórnvöld vilja ekkert of miklar breytingar. Það væri bylting að taka niður myndina af Maó. Hún er órofa tengd kommúnistastjórn landsins og ef þeir leyfa afneitun á Maó, tapa þeir grundvelli kommúnistaflokksins.“

Í Villtum svönum kemur fram að kona hans hafi ekki haft minni völd en Maó sjálfur.

„Það hefur nú ekki reynst rétt. Hann var alger einvaldur. Hún var hins vegar óhemju grimm og illa innrætt manneskja. Maó nýtti grimmd konu

sinnar að fullu og notaði hana til að gera andstyggilega hluti.“

Hafa ekki verið skrifaðar margar bækur um Maó?

„Jú, óteljandi, og þær eru allar ein allsherjar lofgjörð. Enda er það svo að ungt fólk í Kína sér hann í miklum ljóma. Það er algerlega ruglað vegna þeirra tvöföldu upplýsinga sem það fær. Foreldrarir sem lifðu undir harðstjórn hans segja frá martröðum og hryllingi en svo lesa þau alla þessa upphafningu. Það er mikil framfærsla að fólk skuli geta sagt börnum sínum satt og rétt frá. Það er ekki svo langt síðan enginn þorði að segja börnum sínum neitt, því börn bláðra og enginn tók þá áhættu. Enginn tók heldur þá áhættu að gera börn sín að uppreisnarmönnum. Þegar ég var ung var óhugsandi að foreldrar gerðu börnum sínum grein fyrir þeim hryllingi sem líf þeirra hafði verið. Enginn hefði einu sinni vogað sér að kvarta. Nú má það þó.

Hins vegar er það svo að ungt fólk sem er óánæggt með núverandi stjórnvöld og þá spillingu sem viðgangst, les allar lofgjörðarbækurnar um Maó og stendur fast í þeirri ranghugmynd að þá hafi allt verið gott; engin spilling, meira jafnrétti og lífið mun auðveldara.“

Heldurðu að þín bók um Maó verði leyfð?

„Það er langur tími í að ritskoðun verði aflétt í Kína. Hún er alltaf síðasti þátturinn. En það kemur. Þróunin er alltaf í rétta átt.“

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur - Kjarvalsstaðir

MÁLVERK

Guðmundur Einarsson frá Miðdal
Opíð alla daga kl. 10-18 til 5. júní.
Aðgangur (á allar sýningar) kr. 300
Sýningarskrá kr. 1600

HJÁ OKKUR Íslendingum er það fyrst og fremst persónan sem er mælikvarði þeirra hluta sem gerast, og hreyfingar eða almennari þróun er sjaldnast nefnd fyrir en eftir á. Hið sama gildir í listunum; íslensk listasaga er helst rakin sem saga þeirra listamanna sem ruddu brautina, og síðan hinna sem fylgdu á eftir. Hver verðugur listamaður á sitt sæti í sögu sem er lýst í eilífum hlaupum fram og aftur í tímanum, þannig að sjaldnast er staldrað við einn tímamark til að ná yfirliti yfir allt sviðið.

Samhengi íslenskrar listasögu er því ekki alltaf ljóst, en hin almenna þróun er kunn. Þannig átti hin íslenska hefð í gerð landslagsmynda nokkuð langa sögu að baki þegar kom að miðri þessari öld, og Guðmundur Einarsson frá Miðdal hafði þar lagt sitt á vogaskálarnar allt frá miðjum þriðja áratugnum. Þegar hann tók að mála vatnslitamyndir sínar um 1950 byggði hann því augljóslega á þeirri hefð fremur en að hann stefni að því að umbreyta því sem tíðkaðist á þessu sviði.

Sýningin í vestursal Kjarvalsstaða er ein af röð sýninga sem haldnar eru til að minnast aldarafmælis hans síðar á þessu sumri, og eru helgaðar hinni fjölbreyttu list sem Guðmundur vann í ýmsa miðla. Efnit hefur verið til sýninga á Akureyri, á Grænlandi sem og í höfuðborginni, og hafa þær vakið umtalsverðan áhuga á þessum listamanni á ný, eftir að list hans hafði legið í þagnargildi um árabíl.

Vatnslitamyndirnar eru um margt sérstakur kafli í listsköpun Guðmundar, og kemur þar margt til. Guðmundur hafði verið með áhugasömustu ferðamönnum um hálendi Íslands í um aldarfjórðung, þegar hann loks hóf að taka vatnsliti með sér og mála á ferðum sínum. Í þessu fylgdi Guðmundur í fótspor Ásgríms Jónssonar, sem málaði mikið með vatnslitum hvert sem hann fór, og helst lagði grunninn að þessari grein landslagsmálunar hér á landi. Einnig ber að líta

Glæsi-leiki hefðarinnar



GUÐMUNDUR Einarsson: Útigönguhöfði. 1955.

til þess að um þetta leyti urðu mestu umskipti sem orðið höfðu í íslenskrum myndlist til þess tíma: afstraklistin var að hasla sér völl, og náði á sjötta áratugnum öllum tókum í listalífni, þrátt fyrir hatramma andstöðu stöku eldri listamanna eins og Guðmundar, sem fyrir vikið uppskar andstöðu og jafnvel persónulega óvild margra yngri listamanna. Slík staða kann vissulega að hafa lítað viðhorf margra til þeirrar listar, sem Guðmundur var að skapa, jafnvel þegar hún nálgadist í raun myndheim afstraklistarinnar, þó undirstaða myndefnisins væri ætíð frá náttúrunni.

Á sýningunni getur að líta tæpa sex tugi vatnslitamynda Guðmundar frá 1950 fram til 1962. Í sýningarskrá bendir Kristín Guðnadóttir á að í heild megi greina tvo meginstrauma í þessum myndum. Annars vegar eru myndir sem byggja á tryggð við hina hefðbundnu myndbyggingu landslagsmyndarinnar, eins og hann hafði lengi unnið í olíuliti; af slíkum myndum má nefna „Útigönguhöfði“ (1955) og „Herðubreið“ sem eru sígild dæmi hefðarinnar um glæstar staðarlýsingar. Hins vegar má nefna verk þar sem listamaðurinn fer nær viðfangsefninu – niður á þúfunna í anda Kjarvals – og fyrir vikið leysast formin upp í litaspil, sem ýmist má kenna við árstíðir, veður eða hita.

Dæmi um slík verk eru „Laxárgljúfur“ (um 1950), „Haustlitir“ og loks „Hauststemning“ (1962), þar sem jafnvel hörðustu afstraklistamenn hefðu átt að finna skyldleikann.

Loks má nefna að vatnslitirnir gefa listamanninum tækifæri til að vinna með ljósið, sem aðrir miðlar gáfu ekki. Guðmundur nýtir sér þetta einkum í verkum eins og „Hafís við Grænland“ (1959), þar sem gegnumlýsingin er áberandi sterk, og jafnvel í mynd eins og „Ásbyrgi“ (1956), þar sem klettastálið verður loftkennt og lifandi í blámanum.

Sísta þátt sýningarinnar, og að mati undirritaðs óþarfa viðbót, er að finna í nokkrum misjafnlega stírdögum myndum af fornum torfbæjum. Sú staðreynd að margir þessara bæja (t.d. margfrægur „Sölvhóll“) voru horfnir af yfirborði jarðar þó nokkru áður en þessi verk voru máluð sýnir að hér lágu önnur viðhorf að baki en þau sem snúa að myndgerðinni, og það rýrir gildi þeirra óneitanlega.

Sýningunni fylgir einföld en vel unnin sýningarskrá, sem m.a. hefur að geyma nokkurn fjölda ágætlega litgreindra mynda, sem og ritgerð eftir Kristínu Guðnadóttur litfræðing um vatnslitamyndir Guðmundar. Kristín vitnar nokkuð í viðtöl listamannsins og greinir ágætlega helstu þræði í myndum hans og viðfangsefnum; það sem helst mætti nefna að vanti er nokkur samantæking við það sem aðrir listamenn voru að fást við á þessu sviði, t.d. Ásgrímur Jónsson og jafnvel Jóhannes Kjarval, sem einnig voru stöðugt að takast á við landið og náttúruna í verkum sínum. Sérstaða og gildi framlags einstakra listamanna kemur oft sterkast fram í slíkum samantækingum, og hefði verið fróðlegt að kynnst verkum Guðmundar enn betur í slíku ljósi.

Menn fá best notið vatnslitamynda Guðmundar frá Miðdal með því að skoða þær milliliðalaust, því ljósmynd á bók aldrei að fanga fínustu eiginleika þessa miðils. Deilur samtímans eru þagnaðar, ægivald hinnar réttu stefnu (hver sem hún er á hverjum tíma) er gúfað upp, pólitískir sem og listpólitískir andstaðingar horfnir. Eftir standa myndirnar, glæsileg vitni um sterka landslagshefð í höndum ágæts listamanns, sem rétt er að hvetja sem flesta til að nota tækifærið og njóta hér.

Eiríkur Þorláksson

kaupa til að mynda sínfónúr Brians Havergals þó þær kostuðu mun minna,“ segir hann.


Þumalputtareglan er að ef verkið er ekki til á disk, eða upptakan sem til er léleg eða mjög gömul, þá gefum við verkið út á Marco Polo, en annars á Naxos. Sem dæmi má nefna sínfónúr Rimskíjs Korsakovs. Fyrir fjórum árum hefðum við gefið þær út á Marco Polo, en nú gefum við þær út á Naxos. Sama má segja um sínfónúr Glières, fyrst Chandos hefur gefið þær út, gefum við þær út á Naxos í fullri samkeppni,“ segir hann ákveðinn, en það hefur einnig gerst að seljist Marco Polo-útgáfa mjög vel færir Heymann útgáfuna á Naxos til að fylgja velgengninni eftir.

Ekki að verða uppiskroppa

Útgáfur Marco Polo eru á fjórða hundrað, en Heymann segist ekki vera að verða uppiskroppa með verk sem vert sé að gefa út. „Það eru eflaust hundruð þúsunda verka sem



JOSEPH Joachim var einn fremsti fiðluleikari síns tíma og góðvinur Brahms, sem til-einkaði honum ýmis verk. Hann samdi einnig afbragðs fiðlukonsert sem Marco Polo hefur gefið út.



BRIAN Havergal var breskt tónskáld sem samdi grúa verka og sífellt að fram undir nírætt, en tíundur sínfónú sína samdi hann 87 ára. Þegar hann lést 96 ára hafði hann lokið við 22 til viðbótar.

ekki hafa verið gefin út, en sem ættu að fá að heyrast. Það má líkja þessu við listasöfn, því í þeim þúsundum listasafna sem til eru í heiminum eru örfá meistaraverk, en grúi verka minni spámanna sem eru þess virði að skoða. Venjan í tónlistarútgáfu hefur verið að sýna aðeins meistaraverkin, sem gerir fólki erfitt fyrir að skilja hvað það er sem gerir þau svo merkileg. Eins er með tónlistina; þegar aðeins sjást tindarnir gerir enginn sér grein fyrir því hvað sé svo merkilegt við fjöllin.“

Engin heildarútgáfa Beethovens

„Naxos á líka allmikið eftir í útgáfu, til að mynda á heildarútgáfa á verkum Hayds eftir að halda okkur við efnið í nokkur ár, gríðarlega mikið liggur eftir Telemann, sem aldrei hefur verið gefið út og til að mynda er ekki einu sinni til heildarútgáfa á verkum Beethovens, þó það geti virst undarlegt. Við eigum eftir

að gefa út í 30 til 40 ár í viðbót að minnsta kosti.“

Naxos útgáfan gerði nýverið samning við Sinfóníuhljómsveit Íslands um að hljómsveitin taki upp verk eftir Síbelíus og Heymann færir í tal að hann hafi áhuga á að gefa út íslenska tónlist á Marco Polo. „Ef tónlistin er áhugaverð vil ég gjarnan gefa hana út, sérstaklega ef ekki er búið að gefa hana út nú þegar. Ég þekki því miður ekki mikið til íslenskra tónskálda,“ segir Heymann og bætir við að hann treysti á sambönd við dreifingaraðila Marco Polo í hverju landi fyrir sig, að þeir bendi honum á eitthvað sem vænlegt er til útgáfu. Við þá útgáfu segist hann mundu nota íslenska listamenn, enda þekki hann vel til Sinfóníuhljómsveitar Íslands, til að mynda, sem muni hljóðrita fyrir Naxos verk Síbelíusar á næstu árum. „Og ef verkin seljast vel á Marco Polo, gæti eins farið að ég gæfi þau út á Naxos,“ segir hann að lokum.